

## **Aukinn kynfræðsla í efri bekkjum grunnskóla.**

### **Ína Kathinka Grönvold Steindórsdóttir.**

Á ungmennahópi vorið 2014 fengum við mikið af tillögum um menntamál. Þar komu fram margar áhugaverðar tillögur og nokkrar af þeim vöktu mikinn áhuga. Komið var með þá tillögu að hafa fag fyrir kynfræðslu. Það er aldrei of snemmt að byrja kynfræðslu. Í áttunda til tíunda bekk mætti hafa kynfræðslu sem skildufag t.d. einu sinni í viku. Undir þetta fag gæti verið fræðsla um kynsjúkdóma, kynlíf, getnaðarvarnir og kynþroskann. Að lokum vil ég segja að auknar upplýsingar og þekking getur leitt til þess að t.d. unglingsþungunum fækki og tíðni kynsjúkdóma lækki. ætla má að unglingar umgangist kynlíf af meiri virðingu ef við höfum meiri þekkingu og upplýsingar.

### **Aukið aðgengi að smokkum og dömubindum fyrir ungt fólk**

#### **Sveinn Ísak Kristinsson**

Ætla að kynna fyrir ykkur hugmyndina um smokka- og dömubindasjálfsala. Væri ekki verra ef unglingar myndu hætta að nota smokkinn út af lélegu aðgengi eða að stúlkur gætu ekki nálgast túrtappa/dömubindi í sínu nærumhverfi. Mörgum unglingsmönnum finnst vandræðalegt að kaupa smokka út í búð og sumir sleppa því jafnvel að nota smokkinn út af því. Það gæti til dæmis verið af því að þeim líður eins og afgangslumönnunum finnst þau of ung til að kaupa smokka þó það sé oftast ekki raunin. Af þessu leiðir að fleiri smitast með kynsjúkdóma og ótímabærar barneignir eiga sér stað. Stúlkur og konur eru ekki alltaf með dömubindi á sér eða gleyma þeim. Í þeim aðstæðum væri nú gott að hafa sjálfssala sem selja dömubindi. Hægt væri að setja upp sjálfssala bæði með smokkum og dömubindum og þannig leysa tvær flugur í einu höggi. Þessi vandamál eiga jafnt við ungmenni sem og fullorðna. Fyrir ungmennin þá er það oft þannig að til þess að nálgast bæði smokka og dömubindi þarf að fara til skólahjúkkunnar og fá þar þessa hluti. Því miður er hún ekki alltaf við og stelpurnar lenda því í vandræðum þegar þær þurfa að fá dömubindi. Unglingunum finnst líklega sumum vandræðalegt að fara til hjúkkunar til að fá smokka. Gott væri að hafa þessa sjálfssala inni á almenningsklósettum þar sem enginn tekur eftir fólki sem kaupir þetta.

Takk fyrir

## **Fjölgun hjólastíga**

### **Bjarki Steinar Viðarsson**

Undafarin ár hefur verið mikil aukning í samfélaginu að fólk noti reiðhjól til þess að komast leiðar sinnar. Það hefur leitt til þess að sumir hjóla á götum og leggi sig og aðra í hættu. Ef það hjólar ekki á götum hjólar það á gangstéttum og leggur þau sem kjósa að komast leiðar sinnar gangandi í hættu.

Með fleiri hjólastígum væri hægt að hvetja þau sem hjóla á götum og gangstéttum að nota hjólastíga.

Svo væri möguleiki að minnka útblástur bíla ef fleiri myndu nota reiðhjól á hjólastígum en ekki bíla

Með fleiri hjólastígum væri líka hægt að hvetja ungmenni í bænum að nota reiðhjól til að komast leiðar sinnar enda er reiðhjól mjög hollur kostur þegar kemur að faramátum.

## **Listahátíð ungmenna**

### **Veiga Dís Hansdóttir**

Okkur langar til að ræða hugmyndir að listahátíð ungmenna. Þar sem bærinn okkar er fullur af hæfileikaríkum ungmendum á sviðum lista finnst okkur afar áhugavert og spennandi að fá að halda listahátíð ungmenna. Því þannig gætu okkar listaungmenn fengið að tjá list sína hvort sem það væri með dansi, hljóðfæraleik, smásögum eða myndlist og svo framvegis. Við höfum mikla trú á að þetta gæti orðið bæði spennandi og eftirsótt hátíð þar sem fólk gæti komið og svalað þorsta sínum fyrir list en í leiðinni skemmt sér konunglega.

## **Forvarnarfræðsla og fræðsla um geðraskanir**

Við í Ungmennaráði teljum að forvarnarfræðslu í grunnskólum sé ábótavant á mörgum sviðum. Mikil þörf er á fræðslu um geðræna örðuleika til þess að auka skilning ungmenna á slíkum veikindum.

Þar sem mikil aukning hefur verið að undanfögnu í umræðu um kannabis efni þá væri gott að boðið væri upp á fræðslu sem fjallar eingöngu um kannabis.

Klúrsmáskilaboð(sexting) eru vinsæl meðal unglunga í dag.

Hægt væri að draga úr dreifingu nekarmynda er unglingar væru betur upplýstir um afleiðingar á dreifingu þeirra. Fræðsla er besta forvörnin

## Ungir nýbúar

Það er fulltrúum ungmennaráðs áhyggjuefni að ungir nýbúar blandist ekki íslensku skólasamfélagi. Nýbúadeildin í Lækjarskóla virðist ekki skila hlutverki sínu nægilega vel. Þar skapast t.d. ensku, pólsku, og rússneskumælandi vinnahópar sem ekki eru hvattir til þess að eignast íslenska vini eða taka þátt í samfélagi Íslendinga og þannig læra íslensku. Þeim virðist vera haldið niður með auðveldara námsefni og ekki fá tækifæri í meira krefjandi námsefni. Í stað þess að vera í sérstofu þá væri hægt að leyfa nemendum að taka þátt í fleiri námsgreinum í almennum bekkjum með stuðningi námslega sterkra samnemenda. Hægt væri að koma af stað verkefni þar sem nemendum af íslenskum og erlendum uppruna væri parað saman og unnið væri markvisst að því að hjálpa erlendum nemendum að kynnast Íslandi í gegnum íslenskan jafnaldra.